

# 1287. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Selma Björk Grétarsdóttir og Þórir Hilmarsson.

**Fjarverandi:** Sigríður Lovísa Jónsdóttir

**Gestur fundarins:** Selma Kristjánsdóttir, fagstjóri starfsmenntamála hjá VR og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

**Næsti fundur:** 11. febrúar 2026.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund og bauð fundargesti velkomna.

## 1. Fundargerð 1285. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Halla lagði fram fundargerð 1285. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

## 2. Kynning á hæfnigreiningu, raunfærnimati og fagbréfum

Fyrir fundinum lá skjalið „2.0 Hæfnigreining, raunfærnimat og fagbréf – kynningar“ til kynningar.

Halla kynnti inn Selmu Kristjánsdóttur, fagstjóra starfsmenntamála hjá VR og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks sem fór yfir ferli og markmið hæfnigreininga og raunfærnimats sem og fagbréf.



Hæfnigreining starfs er kerfisbundið ferli sem gefur mynd af þeim kröfum sem þarf til að sinna starfinu. Hún felur í sér skilgreiningu á hlutverki, ábyrgð og sjálfstæði sem þarf til auk þekkingar og hæfni einstaklingsins sem sinnir því. Hæfnigreining starfa er til þess fallin að styrkja bæði starfsfólk og stjórnendur og stuðla að sameiginlegri sýn til starfsins og útskýra þær væntingar sem gerðar eru starfsfólks og starfsins sjálfs. Hæfnigreining hjálpar starfsfólki að sjá eigin styrkleika og tækifæri til þróunar og frekari hæfniaukningar. Hún styður jafnframt fyrirtæki við að þróa mannauð sinn markvisst og tryggja fagleg gæði.

Afurð hæfnigreiningar er starfaprófill sem nýttur er til að byggja upp nám eða sem grunnur í raunfærnimati á viðkomandi starfi. Með slíkri vegferð getur starfsfólk fengið staðfestingu eða viðurkenningu á þekkingu og hæfni í viðkomandi starfi í formi fagbréfs. Hæfnigreining starfa er unnin í góðu samstarfi atvinnurekenda og samtaka launafólks. Selma sagði þessa vinnu hafa skilað aukinni virðingu fyrir störfum innan verslunar og þjónustu og samtali milli atvinnulífsins og stéttarféлага.

Selma benti á að í kjarasamningi 2024 hafi verið samið um að endurskoða skuli laun og samsetningu þeirra í þeim tilfellum þegar starfsfólk lýkur fagnámi í verslun og þjónustu eða fái staðfesta færni með fagbréfi.

Selma fór því næst yfir nám fyrir starfsfólk í verslun og þjónustu en slíkt nám er þrískipt, stúdentsprófbraut í verslun og stafrænum lausnum og fagnám fyrir starfandi verslunarfólk hjá Verzlunarskóla Íslands auk fagháskólanáms fyrir verslunarstjóra á Bifröst. Slíkt námsframboð þekkt ekki í öðrum starfsgreinum.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Halla fyrir kynninguna og yfirgaf Selma fundinn kl. 18:05.

### 3. Kjaramál – staðan

Halla fór yfir stöðu kjaramála og fjallaði fyrst um fund á vegum stjórnvalda sem haldinn var í gær [13. janúar 2026] í tengslum við mótun atvinnustefnu Íslands. Á fundinum hélt Mariana Mazzucato hagfræðingur erindi og segir Halla komu hennar tækifæri fyrir verkalyðshreyfinguna enda áherslur hennar í takt við áherslur VR og annarra stéttarféлага um að atvinnustefna snúist um störf og launafólk og ekki eingöngu háframléðnistörf eða útflutning. Í nýju hlaðvarpi VR – H fyrir hagfræði - ræða Halla og Ásgeir Brynjar Torfason hagfræðingur um Mazzucato, áhrif hennar hugmynda á mótun atvinnustefnunnar og þýðingu fyrir launafólk og vinnumarkaðinn.

Halla sagði frá því að hún hafi átt símtal við Ragnar Þór Ingólfsson, nýjan félags- og húsnæðisráðherra, en fyrirhugaður er fundur með honum á næstunni. Hún hafi hvatt hann m.a. til að hverfa frá breytingum á atvinnuleysitryggingakerfinu (þar sem bóttatímabilið er skert verulega) og sagði að honum fylgi góðar óskir frá stjórn VR og hreyfingunni en Ragnar er fyrrverandi formaður VR.



Þá sagði Halla frá því að fyrirhugað væri málþing með Samtökum iðnaðarins um húsnæðismál í kjölfar greinar sem hún og framkvæmdastjóri SI skrifuðu nýverið. Málþingið verður haldið þann 27. janúar og verður auglýst þegar nær dregur. Markmið með þinginu er að halda húsnæðismálunum í umræðunni og hvetja stjórnvöld til að beita sér með virkari hætti í þessum málum.

Halla fjallaði því næst um stöðu efnahagsmála en fyrir áramót birti hún grein þar sem félagið gagnrýnir harðlega hækkunir Veitna á rafmagni og hita sem eru orðnar áhrifavaldar á þróun verðbólgu. Skýringin á hækkunum sé að verið sé að byggja ný hverfi og að fyrirtækið þurfi að undirbúa það. Á sama tíma hafi Veitur hins vegar greitt eigendum sínum – sveitarfélögunum – 6,5 ma.kr. í arð. Launafólk þurfi að greiða fyrir þetta, hér sé í raun um að ræða dulbúna skattheimtu.

Atvinnuleysi hefur verið að aukast, segir Halla, hætta gæti verið á kreppuverðbólgu (e. stagflation) sem gerist þegar hagkerfi kólna en bæði verðbólga og atvinnuleysi aukast. Staðan er sérstaklega slæm á Suðurnesjum þar sem sveiflur eru miklar og atvinnuleysi mun hærra en annars staðar á landinu.

Þá fjallaði Halla um stöðuna í kjölfar fréttu um að Lindex verslanir hafi hætt störfum eftir að eigendur þess misstu leyfi til reksturs. VR fylgist með stöðu mála, sagði Halla, og félagsfólks hjá fyrirtækinu en það hefur ekki leitað til VR, enn sem komið er.

Þá sagði Halla frá því að bifreiðafélagið Sleipnir hefði lýst yfir áhuga á að sameinast VR og er fyrirhugaður fundur aðila.

Þá eru lífeyrismál enn til umræðu hjá ASÍ, SA og ríkinu og hefur þokast eitthvað áfram.

Staða og kjör félagsfólks hjá Heinemann á Keflavíkurflugvelli er enn til umræðu en ljóst er að álagsgreiðslur eru ekki rétt greiddar hjá fyrirtækinu. Þá hefur verið fundað með Icelandair vegna stubbavakta svokallaðra þar sem vöktum starfsfólk er skipt í tvennt á einum og sama degi. Ríkissáttasemjari mun kalla til sín fólk til frekari viðræðna um mögulegar útfærslur.

Að lokum fór Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, yfir deilur milli VR og SA um útreikning í launatöflum. Kauptaxtaauki sem samið var um hefur í för með sér hækkun kauptaxta um 0,58% frá og með síðustu áramótum en SA notar aðra aðferð við útreikning þeirrar hækkunar en VR. Aðilar birta sitt hvorar launatöflur. Stefán sagði mögulegt að látið yrði reyna á málið fyrir félagsdómi, því þó munurinn sé ekki mikill er hér um að ræða prinsíp mál sem kann að elta okkur inn í næstu kjarasamninga.

Umræður

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:40.

## 4. Breytingar á reglum Sjúkrasjóðs og fæðingarstyrkur

Fyrir fundinum lá skjalið „4.0 Tillögur að breytingum á Sjúkrasjóði VR og fæðingarstyrkur“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán sagði framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR hafa ítrekað fundað um stöðu sjóðsins en ljóst er að hann er ekki sjálfbær til framtíðar og grípa verður til aðgerða. Framkvæmdastjórnin leggur til ákveðna breytingar á reglum og starfsemi sjóðsins.

Sjóðfélagar í Sjúkrasjóði VR eru að uppistöðu ungir, sem sækja minna í sjóðinn en þeir sem eldri eru, og ætti sjóðurinn því að vera að safna meiru til framtíðar en hann gerir nú. Fjárhagsstaða sjóðsins er traust miðað við áfallnar skuldbindingar en greiðslur eru yfir áætlun sem að langstærstum hluta má rekja til aukningar í sjúkdómafloknum geðraskanir. Ekki er svigrúm í sjóðnum til að greiða inn í VR varasjóð miðað við óbreytt ástand. Spár gera ráð fyrir að sjúkradagpeningar verði 89,5% af iðgjöldum í ár.

Lágmarksréttindi sjúkrasjóða, samkvæmt ASÍ, eru dagpeningar í 4 mánuði, að lágmarki 80% af launum undangengna 6 mánuði. Heimilt er að setja hámark á dagpeningagreiðslur. Þá er einnig kveðið á um greiðslu dagpeninga vegna alvarlegra veikinda barna og maka og dánarbætur.

VR greiðir nú sjúkradagpeningar í sjö mánuði, mun lengur en lágmarksréttindi ASÍ kveða á um og mun lengur en aðrir sjúkrasjóðir. Dagpeningagreiðslur VR taka ekki tillit til sjúkradagpeninga Sjúkratrygginga Íslands, en í flestum sjúkrasjóðum stéttarfélaganna eru þeir dregnir frá greiðslu dagpeninga sjóðanna.

Gjöld Sjúkrasjóðs VR árið 2024 voru 94,87% af tekjum sjóðsins og svigrúm nam 159 m.kr. Væri sjóðurinn rekinn miðað við lágmarksréttindi sjúkrasjóða innan ASÍ hefðu gjöldin numið 56,36% af tekjum og svigrúm hefði verið 1.356 m.kr. Miðað við óbreytta þjónustu og greiðslu í VR varasjóð ásamt greiðslu fæðingarstyrks, sem ekki er í boði í dag, vantar tæplega 750 m.kr. í rekstur sjóðsins.

Stefán fór því næst yfir nýjan bótaflokk hjá Tryggingastofnun Íslands, Sjúkrageiðslur. Ljóst er að stór hluti sjóðfélaga Sjúkrasjóðs væri betur staddur á slíkum greiðslum en dagpeningagreiðslu Sjúkrasjóðs VR. Slíka greiðslur standa til boða í allt að 5 ár.

Tillögur framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs til að bregðast við stöðunni eru þessar:

1. Greiðslur sjúkradagpeninga til atvinnuleitenda verði skilyrtar greiðslu iðgjalds í sjóðinn, en svo er ekki í dag.
2. Að lágmarksréttindi dagpeninga verði fjórir mánuðir, en hægt verði að sækja um tvo til viðbótar – heildartími dagpeningagreiðslna verði þannig sex mánuðir í stað sjö áður. Innan þessa liðs er jafnframt lagt til að þeim sjóðfélögum sem eru betur staddir á Sjúkrageiðslum TR verði beint til TR að fjórum mánuðum liðnum.
3. Sjúkradagpeningar SÍ verði dregnir frá sjúkradagpeningagreiðslum Sjúkrasjóðs VR.
4. Felldar verði niður dánarbætur eldri félaga.



Sparnaður vegna ofangreindra aðgerða næmi að lágmarki 700 m.k., en ekki er áætlað hér fyrir sparnaði vegna snemmtæktrar íhlutunar sem er jafnframt til umræðu hjá sjóðnum. Stuðningur við slíka aðgerð var almennur meðal stjórnarmanna.

Umræður

Að umræðum loknum voru tillögurnar bornar undir atkvæði, hver í sínu lagi.

- Tillaga um að greiðslur sjúkradagpeninga til atvinnuleitenda verði skilyrtar greiðslu iðgjalds var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Tillaga um að lágmarksréttur dagpeninga verði 4 mánuðir en hægt verði að sækja um 2 mánuði til viðbótar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Tillaga um að sjúkradagpeningar SÍ komi til frádráttar greiðslu sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR var samþykkt með einu mótakvæði.
- Tillaga um að felldar verði niður dánarbætur eldri félaga var samþykkt með níu atkvæðum gegn þremur. Eftirtaldir stjórnarmenn bókuðu mótakvæði: Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Selma Björk Grétarsdóttir.

Að lokinni atkvæðagreiðslu sagði Halla að áfram yrði unnið að nánari útfærslu þessara tillagna.

Halla óskaði eftir því að lengja fund um 15 mínútur, engar athugasemdir.

## 5. Tillögur að lagabreytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Minnisblað til stjórnar frá laganefnd“ til afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganefndar VR, kynnti tillögur nefndarinnar að orðalagsbreytingu í gr. 20.4 í lögum VR um röðun varamanna stjórnar. Á stjórnarfundum í desember var samþykkt að röðun varamanna og kjör þeirra byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns.

Tillaga laganefndar að breytingu er svohljóðandi (breytt orðalag í rauðu):

### Gr. 20.4 Um kjörseðla og röðun á lista

#### Við kosningu til stjórnar:

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. **Kosning og röðun þriggja varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns.**

**Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. Næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.**

Laganefnd lagði jafnfram til að varamönnum verði fjölgað úr þremur í fjóra í ljósi þess að kjörtímabil stjórnar hefur verið lengt í fjögur ár.

Umræður

Að umræðum loknum var tillaga um breytt orðalag lagt fyrir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var tillaga um að fjölga varamönnum í fjóra lögð fyrir fundinn og samþykkt. Tveir stjórnarmenn sátu hjá.

## **6. Sjúkra- og styrktarsjóður verzlunarmanna**

Fyrir fundinum lá skjalið „6.0 Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna“ til afgreiðslu.

Stefán sagði frá því að Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna, sem stofnaður var árið 1867, hafi leitað til VR um að taka sjóðinn yfir.

Upprunalegur tilgangur sjóðsins var að veita verzlunarmönnum og fjölskyldum þeirra fjárhagslegan stuðning vegna veikinda og fráfalls. Með tilkomu almannatrygginga breyttist hlutverk sjóðsins og hefur hann undarna áratugi starfað sem líknarfélag og er elsta starfandi líknarfélag landsins. Sjóðurinn hefur staðið fyrir söfnun fyrir tækjakaupum, m.a. fyrir Reykjaland.

Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna var forveri Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Umræður

Að loknum umræðum var formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða málið áfram.

## **6. Lestrarkannanir VR blaðsins**

Fyrir fundinum lágu skjölin „7.0 Lestrarkönnun VR blaðsins – minnisblað“ og „Lestrarkannanir VR blaðsins 2024 og 2025“ til kynningar.

Steinunn Böðvarsdóttir, sviðsstjóri samskiptasviðs VR, fór yfir niðurstöður þriggja lestrarkannanna VR blaðsins.

VR blaðið verður 70 ára á árinu, það var fyrst gefið út í október 1956. Stjórn félagsins ákvað að endurskoða hlutverk og útgáfu blaðsins og voru gerðar þrjár lestrarkannanir, tvær árið 2024 og ein haustið 2025. Niðurstöður þessara kannanna eru mjög sambærilegar. Um þriðjungur svarenda hefur séð blaðið, um og yfir 40% fólks eldra en 45 ára og um 27% yngsta hópsins. Af þeim sem sáu blaðið lásu um 40% allar eða valdar greinar, einkum umfjallanir sem snerta réttindi á vinnumarkaði. Mikil ánægja er með blaðið meðal þeirra sem það sjá, óánægjan er 4-7%. Um og yfir 80% svarenda í könnununum eru hlynnt því að halda útgáfu blaðsins áfram – í einhverju formi (rafrænt og/eða prent).

#### Umræður

Í umræðum kom fram ríkur vilji til þess að halda útgáfu blaðsins áfram en að skoða verði reglulega efnistösk og efnisval.

Fundi slitið kl. 22:00

